

Mánudagur, 26. apríl 2004

218. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 15/2004

Kvörtun Áburðarverksmiðjunnar hf. yfir auglýsingu Búaðfanga ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

1.

Með bréfi, dags. 16. desember 2002, kvartaði Áburðarverksmiðjan hf. til Samkeppnisstofnunar yfir auglýsingu Búaðfanga ehf. Auglýsing á áburði Búaðfanga birtist í fréttablaðinu Búkollu, 41. tölublaði, 23.–29. október 2002, með yfirskriftinni „Ódýrastir og bestir?“. Áburðarverksmiðjan telur að auglýsingin brjóti í bága við ákvæði 21. gr. samkeppnislaga enda séu upplýsingarnar rangar og villandi. Áburður Búaðfanga sé ekki ódýrastur og bestur enda sé tæpast unnt að sýna fram á réttmæti slíkra hugtaka. Auglýsingin sé til þess fallin að valda Áburðarverksmiðjunni fjártjóni ekki síst í ljósi harðrar samkeppni á markaði fyrir áburð.

Rakið er að samkeppnisráð hafi ítrekað ákvarðað að sú almenna regla gildi að auglýsandi þurfi að geta fært sönnur á réttmæti staðhæfinga í auglýsingum. Áburðarverksmiðjan telur að í ljósi þess að Búaðföng hafi sett spurningamerki aftan við yfirskrift auglýsingarinnar þá sé fyrirtækinu ljóst að samkeppnislög setji auglýsingum skorður en ásetningur Búaðfanga standi eigi að síður til þess að auglýsa með þessum hætti. Slíkt geri brot Búaðfanga enn alvarlegra en ella.

Jafnframt telur Áburðarverksmiðjan að auglýsing Búaðfanga brjóti í bága við ákvæði 20. gr. a í samkeppnislögum enda feli auglýsingin í sér óbeinan samanburð við vöru keppinauta. Ljóst sé að auglýsingin fari í bága við allflesta stafliði greinarinnar, einkum þó a-, c- og e-liði. Síðan segir:

„Áburðarverksmiðjan hf. telur ljóst að auglýsingin sé til þess fallin að raska hagsmunum hennar á markaði fyrir áburðarsölu. Er því nauðsynlegt að Búaðföngum ehf. verði gert að leiðrétta hina villandi fullyrðingu opinberlega með birtingu nýrrar auglýsingar.“

Að lokum krefst Áburðarverksmiðjan þess að Búaðföngum verði gert að færa sönnur á fullyrðingu auglýsingarinnar, verði bannað að viðlögðum dagsektum að auglýsa

með lýsingarorði í efsta stigi nema geta með fullnægjandi og óyggjandi hætti sannað fullyrðinguna, verði gert að sæta stjórnvaldssektum og að birta auglýsingu þar sem fram komi að ekki hafi tekist að færa sönnur á að áburður Búaðfanga sé ódýrastur og bestur.

2.

Með bréfi, dags. 20. desember 2002, óskaði Samkeppnisstofnun eftir umsögn Búaðfanga um erindi Áburðarverksmiðjunnar. Í bréfi Búaðfanga, dags. 27. janúar 2003, segir:

„Í umræddri auglýsingu spyrjum við þeirrar spurningar hvort við séum með ódýrasta og besta verðið á markaðnum. Ef bornir eru saman auglýstir verðlistar Búaðfanga ehf. og Áburðarverksmiðjunnar hf., kemur í ljós að við erum með besta verðið á markaðnum, á því leikur enginn vafi.

Þá má benda á að við bjóðum upp á betri vaxtakjör og færri vaxtadaga.

Það var ekki ætlun okkar að valda neinum særindum með þessari auglýsingu og höfum því ákveðið að birta hana ekki aftur.“

Með bréfi Búaðfanga fylgdu verðlistar beggja fyrirtækjanna þar sem verð Búaðfanga var lægra en verð Áburðarverksmiðjunnar, í október 2002 á sambærilegum áburðartegundum, en umrædd auglýsing birtist í þeim mánuði.

3.

Þann 10. febrúar 2003 sendi Samkeppnisstofnun Áburðarverksmiðjunni bréf þar sem fram kom að með vísan til þess verðs sem fram kom í fyrrnefndum verðlistum og þess að í bréfi Búaðfanga kom fram að umrædd auglýsing myndi ekki birtast aftur teldi stofnunin ekki ástæðu til að aðhafast frekar í málinu. Jafnframt tók Samkeppnisstofnun fram að aðgerðir gegn brotum m.a. á 21. gr. samkeppnislaga taki til framtíðar og þess að bann sé lagt við áframhaldandi eða endurteknum brotum. Sé hins vegar brotið gegn banni eða fyrirmælum samkeppnisráðs sé grundvöllur fyrir beitingu viðurlaga laganna. Jafnframt var Áburðarverksmiðjunni gefinn kostur á að koma að athugasemdum við þessi málalok.

Með bréfi Áburðarverksmiðjunnar 3. mars 2004 tilkynnir verksmiðjan að hún geti ekki sætt sig við þau málalok að ekki sé aðhafst frekar í málinu. Þess er krafist að samkeppnisyfirvöld taki afstöðu til þess hvort umrædd auglýsing brjóti í bága við samkeppnislög eða ekki og Búaðföngum verði bannað að auglýsa með þessum hætti.

Rakið er að Búaðföng hafi talið sinn áburð bestan í auglýsingunni en fjölmörgum auglýsendum hafi verið bannað að auglýsa með þessum hætti. Búaðföng hafi ekki

fært sönnur á þetta. Engin lagastoð sé fyrir því að Samkeppnisstofnun lýsi því yfir að auglýsendur skuli fá að auglýsa a.m.k. einu sinni á ólöglegan hátt. Slíkt myndi stríða gegn jafnræðisreglu stjórnsýslulaga. Síðan segir:

„Er þess því krafist að samkeppnisyfirvöld taki kvörtunina til frekari málsmeðferðar og lýsi yfir því að auglýsingin sé ólögleg og að Búaðföngum ehf. sé þar bannað að auglýsa á þennan hátt. Er það enn fremur nauðsynlegt til þess að samkeppnisyfirvöld geti beitt viðurlögum auglýsi Búaðföng ehf. á ný á þennan veg.“

Með bréfi, dags. 6. mars 2003, var Búaðföngum gefin kostur á að koma að frekari athugasemdum en engin svör bárust frá fyrirtækinu.

II.

Álit auglýsinganefndar

Á fundi auglýsinganefndar, ráðgjafarnefndar samkeppnisráðs, þann 7. maí 2003 var mál þetta tekið fyrir. Þátt í fundinum tóku Tryggvi Axelsson, Jóhannes Gunnarsson og Friðrik Eysteinnsson. Niðurstaða nefndarinnar var eftirfarandi:

„Í ljósi þess að Búaðföng féllust strax á að breyta auglýsingu sinni telur auglýsinganefnd ekki tilefni til að aðhafast frekar í máli þessu.“

Með bréfi, dags. 16. september 2003, tilkynnti Samkeppnisstofnun málsaðilum um töf á málsmeðferð sökum mikils fjölda mála í meðferð hjá stofnuninni og jafnframt var gagnalisti og álit auglýsinganefndar sent fyrirtækjunum.

III.

Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 26. apríl 2004, var ákvörðun tekin í þessu máli. Þátt í fundinum tóku Kirstín Þ. Flygenring, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Ragnheiður Bragadóttir.

Í máli þessu kvartar Áburðarverksmiðjan yfir auglýsingu keppinautarins Búaðfanga þar sem í fyrirsögn áburðarauglýsingar var sett fram spurningin „Ódýrastir og bestir?“. Áburðarverksmiðjan telur auglýsinguna brjóta í bága við ákvæði 20. gr. a og 21. gr. samkeppnislaga og krefst aðgerða vegna hennar. Í bréfi Búaðfanga kom fram að verið væri að vísa til þess hvort fyrirtækið byði ódýrasta og besta verðið á áburði á markaðnum. Samkeppnisráð fellst á þessa skýringu á auglýsingunni. Máli sínu til stuðnings sendu Búaðföng verðlista fyrirtækjanna beggja sem sýndu að verð

Búaðfanga var lægra en verð sambærilegra áburðategunda Áburðarverksmiðjunnar, a.m.k. á þeim tíma sem auglýsingin birtist. Áburðarverksmiðjan andmælti ekki verðsamanburðinum.

Samkeppnisráð tekur fram að það er auglýsanda og seljanda vöru að sanna að fullyrðingar þær sem fram koma í auglýsingum standist og er þetta meginreglan um sönnunarbyrði á þessu sviði. Í máli þessu hafa Búaðföng lagt fram gögn til sönnunar því að það verð sem fyrirtækið bauð þegar auglýsingin var birt hafi verið lægra en það verð sem Áburðarverksmiðjan bauð á sama tíma. Áburðarverksmiðjan hefur ekki véfengt þessar verðupplýsingar. Þá tekur samkeppnisráð fram að Búaðföng lýstu því yfir um leið og kvörtunin kom fram að umrædd auglýsing yrði ekki birt framar. Var þetta gert þrátt fyrir að Búaðföng gátu, að mati samkeppnisráðs, fært rök fyrir máli sínu. Með vísan til framangreinds, og að teknu tilliti til álits auglýsinganefndar, fær samkeppnisráð ekki séð að auglýsing Búaðfanga brjóti í bága við ákvæði 20. gr. a eða 21. gr. samkeppnislaga.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til aðgerða af hálfu samkeppnisráðs í máli þessu.“